

1. Sjálfmatsáætlun FG fyrir 2003-2004

1.1 *Hvers vegna sjálfsmat?*

Í 23. gr. framhaldsskólalaga nr. 80/1996 segir: "*Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.*"

FG er góður skóli! Hvernig rökstyðjum við slíka fullyrðingu? Við nefnum góða kennara og góða aðstöðu og tínum ýmislegt til sem oft er talið einkenna góðan skóla. En er nægilegt að slá því fram að kennarar í FG séu góðir? Verðum við ekki að sýna fram á það með tilvísun í einhver gögn? Menntastofnun getur ekki leyft sér að setja fram fullyrðingar án sannana eða að minnsta kosti gildra raka. Til þess þarf formlegt (vísindalegt) mat, t.d. sjálfsmat sem byggir á viðurkenndum aðferðum, traustum gögnum og góðum mælingum. Slíkt mat leiðir í ljós styrkleika og veikleika og er sá grunnur sem þróunarstarf byggir á.

1.2 *Hvað á að meta?*

Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrá. Í þessum textum er starfsemi lýst, stefnan sett og markmiðin skilgreind. Öll starfsemi skólans, stefna hans og markmið, þurfa að vera í stöðugri skoðun ef vel á að vera. Slíkt er mikil vinna og því ekki hægt að taka nema lítil skref í einu. Það sem við hyggjumst meta í FG á árunum 2003 til 2004 eru m.a. eftirfarandi atriði:

1.2.1 *Kennsla og námsárangur*

- Kennsla verður metin í könnunum sem verða lagðar fyrir alla nemendur skólans í öllum námsáföngum í lok apríl (næstsíðustu kennsluviku voranna 2003 og 2004) og í lok nóvember (næstsíðustu kennsluviku haustanna 2003 og 2004). Niðurstaða þessara kannanna verður borin saman innbyrðis og við fyrri kennslukannanir frá haustönnum 1999 og 2001.
- Námsárangur árána 2002 og 2003 verður metinn með úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna og hann borinn saman innbyrðis og við námsárangur árána 1997- 2001 sem fram kemur í skýrslu um sjálfsmat frá maí 2003.
- Skólasókn nemenda árin 2002 og 2003 verður metin með úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna og hún borin saman innbyrðis og við fyrri kannanir í sjálfsmatskýrslu frá 2003.
- Kennarar gera úttekt á samræmi milli námskrár og kennsluáætla/prófa á vorönn 2003.

1.2.2 *Samskipti starfsmanna og starfsandi*

- Kennslustjórar sjá um starfsmannaviðtöl sem hafa það markmið að styðja við starfsmenn í störfum þeirra.
- Gæðahópur geri könnun á líðan starfsmanna í FG.

1.2.3 *Samskipti nemenda og stjórnenda skólans*

- Haldnir verði opnir fundir með nemendum þar sem nemendur hafa tækifæri til að koma á framfæri ýmsu því sem betur má fara í skólastarfinu.

1.2.4 *Framhalds-SKÓLARÝNIR (FSR) (höf. Benedikt Sigurðarson)*

Starfsmenn skólans munu vorið 2003 meta eftirfarandi þætti með því að svara spurningum:

- yfirstjórn - frumkvæði stjórnenda

- starfskenningu -nemendur
 - árangur - traust - ánægju hagsmunaaðila.
- Niðurstaðan verður borin saman við sambærilega könnun sem gerð var vorið 2002.

1.2.5 Gæðahópar vinna að umbótum og sjálfsmati

- Fimm gæðahópar starfa að umbótum og mati á skólastarfinu.
- Hóparnir hafa frjálsar hendur með verkefni en taka þó einnig að sér sérstök verkefni sem gæðaráð felur þeim.

2. Hverjir meta?

- Starfsmenn, nemendur og aðilar utan skólans. Nemendur svara spurningalista varðandi kennslu og eigið nám í lok annar vor 2003, haust 2003, vor 2004 og haust 2004. Starfsmenn svara spurningalistum varðandi stjórnun og starfsmannahald (FSR). Starfsmenn svara spurningalistum varðandi líðan og ánægju í starfi. Nemendur koma athugasemdum á framfæri við stjórnendur á opnum fundum. Foreldrar koma sínum athugasemdum á framfæri m.a. í gegnum Foreldrafélag FG.
- Aðstoðarskólameistari safnar saman og vinnur úr gögnum sem varða mat á námsáföngum, árangur kennslu og skólasókn. Hann vinnur einnig úr gögnum úr Framhaldsskólarýni. Gæðahópur 4 vinnur könnun um líðan starfsmanna. Skrifstofustjóri og sviðstjóri í stærðfræði vinna úr kennslukönnunum. Gögnin eru skráð og flokkuð og niðurstöður birtar, m.a. í þessari skýrslu.

3. Hjálpartæki við matið

Ýmis gögn sem fram koma í kennslukönnunum, í viðhorfakönnunum, við mat á námsáföngum, einkunnir og skólasókn nemenda sem skráð í INNU, o.s.frv..

4. Tímaáætlun

- 4.1 Mat á námsáföngum: vorið 2003
- 4.2 Kennslukannanir: apríl 2003 og 2004 og nóvember 2003 og 2004.
- 4.3 Framhaldsskólarýnir: á vorönn 2003.
- 4.4 Söfnun og flokkun gagna: vor 2004 og vor 2005.
- 4.5 Úrvinnsla gagna um námsárangur og skólasókn vor 2003, 2004 og 2005.
- 4.6 **Sjálfsmatsskýrslur tilbúnar í júní 2003, í júní 2004 og í júní 2005.**

5. Fjárhagsáætlun sjálfsmats og gæðastarfs skólaárið 2003-2004

- 5.1. Kennslukannanir: 800.000 kr
- 5.2 Framhalds-SKÓLARÝNIR: 100.000 kr
- 5.3 Söfnun og vinnsla fyrirbyggjandi gagna: 200.000 kr
- 5.4 Gæðahópar: 500.000 kr
- 5.5 Sjálfsmatsskýrslur: 200.000 kr

Samtals: 1.800.000 kr

6. Birting sjálfsmats

Sjálfsmatsskýrslur um mat á skólastarfinu skólaárið 2003 - 2004 verða birtar á heimasíðu skólans í júní 2004 og í júní 2005.

7. Hvernig verður matið nýtt?

Á grundvelli matsins verður umbótastefna mótuð og aðgerðir ákveðnar. Umbætur miðast að því að bæta það sem miður fer en ekki síður að vinna með þá styrkleika sem matið dregur fram, þannig að styrkurinn verði nýttur til að efla aðra þætti skólastarfsins. Matið verður einnig nýtt við mótun starfsmannastefnu og hið nýja hvatakerfi sem kjarasamningar gera ráð fyrir.

8. Áætlað umfang vinnu

8.1	Kennslukannanir: nemendur (4 klst./nemenda)	2.500 klst.
	Úrvinnsla kennslukannana	300 klst.
8.2	Líðan starfsmanna viðhorfskönnun:	100 klst.
8.3	Framhalds-SKÓLARÝNIR: starfsmenn (2 klst./mann)	100 klst.
	Úrvinnsla gagna úr Framhalds-SKÓLARÝNI:	100 klst.
8.5	Gagnasöfnun og úrvinnsla gagna um námsárangur:	100 klst.
8.6	Gagnasöfnun og úrvinnsla gagna um skólasókn:	50 klst.
8.7	Gæðahópar:	200 klst.
8.8	Sjálfsmatskýrslur:	150 klst.
	Samtals:	3.600 klst